# Átak í þjónustu við geðfatlað fólk

## framvinda framkvæmdaáætlunar 2006-2010

Einar Njálsson

verkefnisstjóri framkvæmdaáætlunarinnar

Málþing – Mótum framtíð - 30. mars. 2007

# Framtíðarsýn

- “Þeir sem búa við fötlun eigi, jafnt og aðrir, kost á stuðningi til sjálfstæðis og lífsgæða sem stuðla að því að þeir fái notið sín sem fullgildir þegnar samfélagsins á forsendum eigin getu og styrkleika og njóti virðingar. Því verði jafnrétti og sambærileg lífskjör við aðra þjóðfélagsþegna og skilyrði til þess að lifa eðlilegu lífi leiðarljós allra aðgerða samfélagsins gagnvart fötluðum börnum og fullorðnum. “

# Markmið

Við framkvæmd þjónustunnar skal náð markmiðum sem ráðuneytið hefur sett í samstarfi við notendur sjálfa, hagsmunasamtök þeirra sem búa við fötlun og aðstandenda þeirra. Markmiðin ná til eftirfarandi sjö málasviða:

- Þjónusta vegna búsetu.
- Þjónusta vegna atvinnu og endurhæfingar.
- Stoðþjónusta við 18 ára og eldri.
- Staða og áhrif notenda.
- Mótun viðhorfa og almannatengsl.
- Gæðastarf.
- Þekkingarauður – mann- og skipulagsauður.

# Upphaf

- Verkefnið hófst í ársbyrjun 2006
- Stefnumótun á grundvelli upplýsingaöflunar.
- Víðtækt samráð við notendur, hagsmunasamtök geðfatlaðra, aðstandendur og fagfólk og sérfræðinga á þessu sviði.
- Stefna og framkvæmdáætlun 2006 – 2010 kynnt í október 2006

# Hugtakið geðfötlun.

- “Með hugtakinu geðfötlun er átt við það ástand sem skapast við langvinna, alvarlega geðröskun og hefur í för með sér skerta færni til sjáfstæðrar búsetu, atvinnu eða virkrar þátttöku í samfélaginu að öðru leyti. Af því leiðir þörf fyrir fjölþætta þjónustu og stuðning sem ætla má að verði í mörgum tilvikum til langframa.”

# Umfang verkefnisisins.

- Verkefnið nær til 160 einstaklinga á landinu öllu sem þurfa búsetu á vegum svæðisskrifstofu eða félagsþjónustu sveitarfélaga.
- Þessum íbúum þarf að veita stuðning með öruggri og aðgengilegri þjónustu – jafnvel allan sólarhringinn.
- Auk þess sinnir verkefnið 60 einstaklingum sem óskuðu eftir að búa á eigin vegum með stuðningi.
- Ný búseta
- Stoðþjónusta sem lýtur að atvinnu, menntun, endurhæfingu og annarri dagþjónustu.
- Efling faglegrar þekkingar á málefnum geðfatlaðs fólks.
- Samábyrgð allra þjóðlífssviða.

# Framkvæmdaáætlun 2006-2010 - búseta

Ný sértæk búsetuþjónusta:

| | |
|---|---|
| • Árin 2006 og 2007 | 72 einstaklingar |
| • Árið 2008 | 37 einstaklingar |
| • Árið 2009 | 27 einstaklingar |
| • Árið 2010 | 24 einstaklingar |
| • Fimm ár átaksins samtals | 160 einstaklingur |

# Verkefni í Reykjavík 2007

Þjónusta yfirtekin frá Geðsviði LSH

- Flókagata 29 – 31, 1. september 2006 — 12 einstaklingar
- Esjugrund 5, Kjalarnesi, 1. janúar 2007 — 5 einstaklingar

- Nýtt heimili fyrir heimilislausa í samstarfi við Reykjavíkurborg — 10 einstaklingar
- Nýjar íbúðir Skipholt 50A — 6 einstaklingar
- Nýjar íbúðir Lindargata 27 — 5 einstaklingar

# Verkefni á Akureyri

- Efling þjónustu í 4 leiguíbúðum fyrir fólk með geðfötlun og viðvarandi vímuefnavanda.
- Félagsmiðstöð/hlutverkasetur ásamt Akureyrarbæ, Rauða krossinum og Geðverndarfélagi Akureyrar.
- Þátttaka í stofnkostnaði við nýjar íbúðir/áfangaheimili fyrir 5 einstaklinga.
- Uppbygging frekari þjónustu fyrir fólk sem býr við geðfötlun á vegum Akureyrarabæjar.
- Samkomulag undirritað 8. janúar 2007.
- Aðilar eru sammála um að verkefnisstjórnin hafi með samkomulaginu uppfyllt framkvæmdaáætlun átaksins 2006-2010.

# Verkefni á Vestfjörðum

- Þjónusta við 6 einstaklinga í sjálfstæðri búsetu
- Efling þjónustu við fólk sem býr við geðfötlun
- Þátttaka í stofnkostnaði vegna búsetu/dagvistar
- Samkomulag undirritað 25. október 2006

- Aðilar eru sammála um að verkefnisstjórnin hafi með samkomulaginu uppfyllt framkvæmdaáætlun átaksins 2006-2010.

# Verkefni á Austurlandi

- Efling þjónustu í búsetu með fjármögnun á 4 leiguíbúðum ásamt starfsmannaaðstöðu.
- Stuðningur við þróunarverkefni til að koma á fót félags- og vinnuaðstöðu.
- Aukin þjónusta í búsetu við fólk sem býr við geðfötlun.
- Stefnt er að undirritun samkomulags í apríl 2007.

# Stuðningur – valdefling - fræðsla

- Tilraunaverkefnið SETRIÐ í Norðuþingi – athvarf og iðja fyrir fólk sem býr við geðfötlun.
- Samstarfsaðilar eru Fjölskylduþjónusta Þingeyinga, Rauða-krossdeildin, Heilbrigðisstofnun Þingeyinga og Þingeyskt samfélag – fyrirtæki, félagasamtök, einstaklingar.
- Samningur við AE-starfsendurhæfingu – mat á þjónustu við geðfatlað fólk og átak í ráðgjöf og fræðslu
- NsN aðferð, gefur notendum kost á að miðla af reynslu sinni og taka þátt í að móta þjónustuna.
- Markmið er að efla virkni fólks sem býr við geðfötlun, skapa tækifæri til þátttöku á vinnumarkaði með eftirfylgd.
- Eykur verðmætaskööun í samfélaginu.

# Verkefni í vinnslu – búseta og stoðþjónusta

- Samningar um kaup á íbúðum á Reykjanesi, Vesturlandi og Suðurlandi.
- Viðræður við Reykjavíkurborg um úthlutun lóða fyrir byggingar á vegum verkefnisins. Auk þess er leitað að 2ja herbergja íbúðum í Reykjavík.

- Viðræður við Klúbbinn Geysi, Geðhjálp og fleiri aðila um uppbyggingu og rekstur dagþjónustu
- Unnið að útfærslu þjónustusamninga sem byggja á hugmyndinni AMS – Atvinna með stuðningi.

# Niðurstaða

- Líklegt er að 68 manns muni fá tilboð um nýja búsetu á árinu 2007.
- Framkvæmdaáætlun gerði ráð fyrir 72 einstaklingum.
- Mörg verkefni eru í vinnslu og fleiri gætu fengið tilboð.
- Áætlanir varðandi árin 2008 – 2010 kunna að breytast í samræmi við breytingar á högum þeirra sem um ræðir.
- Við hefðum öll viljað sjá fjölbreyttari aðkomu verkefnisins á svið dagþjónustu.
- Mörg verkefni eru langt komin – flest þeirra byggja á því að efla og útvíkka starfsemi sem þegar er í gangi.
- Vænta má samninga á næstu mánuðum.


Kærar þakkir fyrir gott hljóð